

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland
info@immi.is / http://www.immi.is



Nefndarsvið Alþingis

13. maí 2015

IMMI stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi veitir hér umsögn um mál 695 - um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

IMMI stofnunin fagnar því að aðgerðaáætlun sé komin fram er varðar stefnu Íslands í net- og upplýsingaöryggi. Þá sérstaklega virðist vera lagt mikið kapp á að knýja fram vitundarvakningu um net- og upplýsingaöryggi meðal almennings, fyrirtækja og á öllum skólastigum.

Nefnt er í þriðja lið áttunda kafla að styrkja þurfi lagaumhverfi vegna þessa. Telur stofnunin það sérstaklega brýnt og í takt við þingsályktun kennda við IMMI (Icelandic Modern Media Initiative) sem samþykkt var einróma á Alþingi 2010 (þskj. 688 - 383. mál), en til að styrkja tjáningar- og upplýsingafrelsi þarf að styrkja friðhelgi og upplýsingaöryggi eftir fremsta megni. Í þessu samhengi er mikilvægt að horfa til þeirra upplýsinga sem bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden kom á framfæri er staðfesta njósnir stórra ríkja á borgurum um heim allan í algjöru trássi við almenn friðhelgissjónarmið og meðalhófsreglu, sem og stjórnarskrárvarin réttindi og alþjóðleg mannréttindi.

Stofnunin tekur heilshugar undir bókun þingmannsins Birgittu Jónsdóttur við þingsályktun þessa, þar sem segir: „Nútímataekni hefur gert yfirvöldum annarra landa það kleift að safna stafrænum gögnum allra Íslendinga í trássi við stjórnarskrá lýðveldisins. Því er ljóst að nauðsynlegt er að íslenska ríkisstjórnin þarf að móta stefnu í samstarfi við alþjóðastofnanir og samtök er sérhæfa sig í að tryggja stafræna friðhelgi þvert á landamæri til að tryggja þjóðaröryggi Íslands.“

Þá er mikilvægt að gæta gagnsæis eftir fremsta megni þegar kemur að framkvæmd og framfylgd nýrrar þjóðaröryggisstefnu og að almenningur og fjölmiðlar hafi aðgang að upplýsingum úr stjórnsýslunni er varða almanna hagsmuni, friðhelgismál og upplýsingaöryggi.

IMMI leggur ríka áherslu á að hér verði komið upp bæði tæknilegum vörnum til að vernda gögn sem og lagalegum úrbótum, en slíkt samrýmist þáttum samskiptaverndar er kveðið er á um í IMMI þingsályktuninni. Ennfremur vekur stofnunin athygli á því að hingað sækja hýsingarfyrirtæki í auknum mæli meðal annars vegna þess regluverks sem ráðgert er að koma á fót í samræmi við áður nefnda þingsályktunartillögu, en gera má ráð fyrir því að fyrirtæki á sviði gagnahýsingar sem og önnur tækni- og fjölmiðlafyrirtæki munu flytja starfsemi sína að hluta til hingað til lands þegar IMMI ályktunin hefur verið framkvæmd að fullu. Skiptir það gríðarlegu máli að þau fyrirtæki sem hér hýsa gögn njóti sterks lagalegs og tæknilegs öryggis í því sjónarmiði að styrkja upplýsingaöryggi. Þá er það einnig afar mikilvægt fyrir einstaklinga og fjölmiðla almennt.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson
Framkvæmdastjóri IMMI